

GJALDSKRÁ

um sorphirðu í Austur-Eyjafjallahreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Austur-Eyjafjallahrepps er heimilt að innheimta árlegt sorphirðugjald, sbr. 7. gr. samþykktar um sorphreinsun nr. 172/1990.

Gjaldið skal vera kr. 6.400 og innheimtist með fasteignagjöldum.

Fyrir hverja íbúð skal greitt eitt gjald, en hálf gjald fyrir hvern sumarbústað.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af sveitarstjórn Austur-Eyjafjallahrepps er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 8. apríl 1998.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds á Hornafirði fyrir árið 1998.

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til þess að halda hunda í lögsagnarumdæmi Hafnar, sbr. c-lið 2. gr. samþykktar nr. 382/1995 um hundahald á Hornafirði er kr. 5.000 fyrir árið 1998, gjald fyrir annan hund í eigu sama einstaklings er kr. 2.500.

Gjaldið greiðist á gjalddaga 1. júlí 1998.

2. gr.

Handsömunargjald, sbr. 6. gr. framangreindrar samþykktar skal vera kr. 3.000 í fyrsta skipti, en síðan hækkar það í kr. 6.000 ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Framangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Hornafjarðar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að gilda á árinu 1998.

Umhverfissráðuneytinu, 8. apríl 1998.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.